

Ö r n e f n a s k r á

Skagafjarðarsýsla

Akrahreppur.

Þ O R L E I F S S T A Ð I R

Skrásetjari ; Rósmundur G. Ingvarsson , f. 6. 08. 1930.

Heimildir og heimildarmenn .

Jarða- og búendatal Skagafjarðarsýslu 1781 - 1958

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín

Landamerkjaskrá f. jörðunum Þorleifsstöðum, Grundarkoti og Vaglagerði í Akrahreppi.

Örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Þorleifsstaði, (ódagsett).

Örnefnaskrá Gísla Magnússonar f. Þorleifsstaði og Grundarkot, dags. 26. nóv. 1974.

Örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Grundarkot. Heimildarm. Stefán Jónsson.

Jarðamatsskrár frá 1849 og 1918.

Skýrsla Fasteignamatsnefndar Skagafj.sýslu 1965.

Skýrslur sérfræðinga um jarðhita í innsveitum Skagafjarðar.

Árbók Fornleifafélagsins 1933 - 1936, bls. 43 - 44.

Skagfirðingabók nr. 5.

Þorleifur Hólmsteinsson, f. 26. 05. 1958, bóndi Þorleifsstöðum.

Gísli Magnússon, f. 24. 08. 1921, bóndi á Vöglum.

Gunnfríður Björnsdóttir, f. 28. 02. 1920, húsfreyja Þorleifsstöðum.

Ath. Feitletraðir kaflar eru jafnan teknir upp úr heimildum.

Hér er ætlunin að taka saman í eina skrá, sem mest að því sem til er skráð um viðkomandi jarðeign og fyrir hendi er. Fyrst og fremst eru það örnefni, sem áhersla er lögð á, og önnur nöfn sem gjarnan mega geymast, og svo er það annað sem heimildir geyma um jörðina eða tengt henni. Síðan, að bæta við því sem heimildarmenn gefa upp og - eða kemur í ljós við skoðun. Athuga þarf, að ef sum nöfnin koma fram víðar en á einum stað í skránni, þá hafa þau fleiri en eitt númer. Þarf þá að skoða hvað um þau segir á báðum eða öllum þeim stöðum í skránni sem númerin vísa til (sjá Stafrófsröð örnefna).

Þegar tekið er upp úr fleiri en einni heimild verður varla komist hjá einhverjum endurtekningum. En þegar lýsing á einum og sama stað kemur úr tveim heimildum, er þess að vænta að þær lýsingar bæti hvora aðra upp.

Þorleifsstaðir eru í Blönduhlíð og í Miklabæjar- kirkjusókn.

Eignin Þorleifsstaðir.

Þorleifsstaðir í Blönduhlíð. Í gömlum heimildum er jörðin nefnd Þorleiksstaðir og allt fram á 18. öld. Árið 1713 er jörðin metin að dýrleika 60 hundruð með hjáleigunum Vaglagerði (öðru nafni Tungukoti) og Grundarkoti (öðru nafni Mosagrund) og eyði-hjáleigunni Þorvaldarkoti. Var heimajörðin sjálf metin til 40 hundraða. Árið 1861 er heimajörðin metin 22,8 hundr., árið 1922 á 58 hundruð krónur og 1942 á 95 hundruð krónur.

Árið 1713 var þessi áhöfn á Þorleifsstöðum: 8 kýr, 1 kvíga, 1 naut tvævett, 3 kálfar, 70 ær, 50 sauðir, 55 gemlingar og 22 hross , en þá hefur bóndinn part með af Grundarkoti.

Þorleifsstaðir voru bændaeign. Fyrir 1800 og nokkuð þar á eftir var jörðin í sjálfsábúð, en lengi síðan var hún leigujörð og oft tvíbýli. Árið 1915 keypti Jóhannes Jónsson bóndi á Þorleifsstöðum hálfa jörðina af Elínu Briem, ekkju Stefáns verzlunarstjóra, Jónssonar prófests Hallssonar, og er Jóhannes eigandi að henni hálfri. Hinn helming jarðarinnar keypti Hólmsteinn Jóhannesson, núverandi ábúandi og eigandi, árið 1949, af niðjum Jóns prófests Hallssonar.

Þorleifsstaðir eru landbrotsjörð mikil. Hafa Héraðsvötn brotið stórkostlega vestan af landinu. Runnu þau til forna vestan við Stokkhólma, og er sú jörð byggð úr landi Þorleifsstaða. Þorleifsstaðir eru í Miklabæjarsókn. (Jarða- og búendatal Skag.)

Hér hafa þegar komið fram nöfnin : Þorleifsstaðir (1), Vaglagerði (2), Tungukot (3), Grundarkot (4), Mosagrund (5), Þorvaldarkot (6), Héraðsvötn (7), Landbrotsjörð (8) og Stokkhólmi (9).

28. 03. 1916, fær Jóhannes Jónsson afsal fyrir hálfri jörðinni Þorleifsstöðum.

23. 05. 1932 fá Hólmsteinn Jóhannesson og (?) Hólmfríður Jóhannesdóttir afsal fyrir hálfri jörðinni með tilteknum húsum. Hluti Hólmfríðar gerður að séreign hennar 13.09.1988.

8. 12. 1983 fær Margrét Hólmsteinsdóttir afsal fyrir 3000 m². spildu, óræktuðu landi fyrir sumarhús.

Hjáleigan Grundarkot.

Grundarkot (10) í Blönduhlíð var hjáleiga frá Þorleifsstöðum og var að fornu mati 10 hundr. að dýrleika, eða sjöttungur úr Þorleifsstöðum. Jörðin er í eyði 1713, en sagt að þar kunni að fódrastr 3 kýr, 12 ær, 10 lömb og 1 hestur. Árið 1861 er jörðin metin með Þorleifsstöðum, en sérmetin af hreppstjóra og sýslumanni á 6,4 hundr. Árið 1922 er hún metin á 18 hundruð krónur og árið 1942 á 14 hundruð krónur.

Um eða fyrir 1820 losnar Grundarkot úr eignartengslum við Þorleifsstaði og hefur alltaf verið leigujörð og ýmsir eigendur. Núverandi (þ.e. þegar Búendatalið er skrifað) eigandi er Magnús Gíslason bóndi á Vöglum, síðan jörðin fór í eyði. Fyrir nokkru síðan var Grundarkotslandi skipt úr landi Þorleifsstaða. Grundarkot var í Miklabæjarsókn.

(Jarða- og búendatal Skag.)

Ath. Grundarkot fylgir nú Vöglum (2004), og er girt á landamerkjum.

Síðustu ábúendur Grundarkots.

Jónas Jónsson og rsk. Kristín Guðmundsdóttir	1898 - 1900	Fóru búf. að Minni- Ökrum
Rósant Pálsson og Stefánía Guðmundsdóttir	1900 - 1901	Fóru búf. að Ölduhrygg Lýt
Gísli Gíslason og rsk. Kristín Jónsdóttir	1901 - 1903	Br. búf. Fóru að Brekkukoti
Jónas Jónasson og Anna Jónsdóttir	1903 - 1907	Fóru búf. að Uppsölum
Guðmundur Ólafsson og Anna Jónasdóttir	1907 - 1908	Fl. að Áslákst. Kræklingahl.
Kristján Gíslason og Rósa Tómasdóttir	1908 - 1909	Fluttu að Bakkaseli í Öxnadal
Jón Sigurðsson og Oddný Hjartardóttir	1909 - 1913	Fóru búf. að Tungukoti
Jóhannes Bjarnason og Björg Sigfúsdóttir	1913 - 1926	Br. búf. Fóru til barna sinna
Jón Sigurðsson og Oddný Hjartardóttir	1926 - 1932	Jón dó 14. jan. 1932.
Oddný Hjartardóttir, ekkja	1932 - 1933	Brá búf. Flutti til Akureyrar
Jón Jónsson og Jónína Ólafsdóttir	1933 - 1947	Fóru búferlum að Litladal
Gísli Magnússon húsmaður á Vöglum	1947 -	Nytjar jörðina, sem er í eyði.

Síðustu og núverandi ábúendur Þorleifsstaða.

Jóhannes Konráðsson og Ingibjörg Jónsdóttir	1894 - 1897	Fóru búf. að Hátúni Seyluhr.
Gísli Gíslason og rsk. Kristín Jónsdóttir	1895 - 1896	Fóru búferlum að Vaglagerði
Sigfús Pétursson og Ingibjörg Jónsdóttir	1897 - 1899	Fóru búf. að Steiná Hún.
Hjálmar Pétursson og Rósa Björnsdóttir	1899 - 1900	Fóru búferlum að Tungukoti
Valdimar Bjarnason og Ingibjörg Gunnarsd.	1899 - 1900	Fóru búferlum að Vöglum
Jón Jónasson og Guðrún Þorkelsdóttir	1900 - 1918	Br. búf. Kyr s.st. hjá syni s.
Jóhannes Jónsson og Málfríður Benediktsdóttir	1918 - 1944	Br. búf. Kyr s. stað. M. dó '84
Hólmsteinn Jóhannesson og Gunnfríður Björnsd.	1942 - 1998	Byggðu sér íbúð. H. dó 1998.
Þorleifur Hólmsteinsson, ókv.	1980 - 1983	Býr áfram.
Þorleifur Hólmsteinss. og Jónína Lára Stefánsd.	1983 -	Núverandi ábúendur

Landamæralínan.

Landamerkjaskrá fyrir jörðunum Þorleifsstöðum, Grundarkoti og Vaglagerði í Akrahreppi.

Að sunnan, milli Þorleifsstaða, Grundarkots og Vaglagerðis og Vagla ræður merkjum gamalt garðlag utan og neðan við Vaglatún upp að túngarðinum á Vöglum og túngarðurinn austur eftir þar til hann gengur lengst í norður. Þaðan beina stefnu austur í vörðu, er hlaðin er á steini útundan Vaglagilskverk, skammt frá syðsta skorningnum, þaðan sama stefna á fjallsbrún upp. Að sunnan milli áðurnefndra jarða og Hrólfsstaða eru merkin úr garðlaginu utan og neðan við Vaglatún (Vaglahornmerki) suður og ofan í girðingarhornstaurinn, sem er neðan við veginn, sem nú er. Þaðan bein stefna í vörðu á holtinu fyrir sunnan Grundarkotstún. Þaðan eins og girðing og vörður vísa í vörðu hlaðna á vatnafarvegsbakkanun (?). Þaðan ræður bein stefna vestur eftir á móts við hlaðna vörðu í Svartamó, bakkanum vestan Gegnislæks áss.

Að vestan milli Stokkhólma og Þorleifsstaða og Grundarkots er merkjalína frá suðri til norðurs, bein stefna úr áðurnefndri vörðu í Svartamó norður eftir í Syðstu- Grundar bæ . Eiga því Þorleifsstaðir og Grundarkot allar eyrar undan því landi, sem Héraðsvötn hafa brotið austan nefndrar merkjalínu , sunnan frá Hrólfsstaðalandi og út að merkjum milli Þorleifsstaða og Akratorfugarða. Það skal tekið fram að þó Héraðsvötn falli öll austan við áðurnefnda merkjalínu, sem afmarkar Þorleifsstaða og Grundarkotsland að vestan, þá skal Stokkhólmi eiga jafnt þeim jörðum veiðirétt í Vötnunum að vestanverðu, á því svæði sem lönd þessara jarða liggja gegnt hvert öðru. Einnig eiga Þorleifsstaðir og Grundarkot veiðirétt í Vötnunum að austan þó þau falli öll vestan áðurnefndrar merkjalínu , í Stokkhólmalandi, þó ekki falli þau vestar en í Gegnishólmakvísl.

Að norðan milli Akratorfugarða og Þorleifsstaða, Grundarkots og Vaglagerðis, ræður merkjum bein stefna af merkjalínunni milli Þorleifsstaða og Stokkhólma , austur yfir mýrarnar upp í Merkjalág, sem er framan í ásnum milli bæjanna. Ræður hún merkjum framan í ásnum, en upp eftir úr láginni ræður bein stefna austur yfir á sinn upp í gamalt garðlag á grundunum, úr því garðlagi áframhaldandi bein stefna upp í Syðra - Kaplagil, sem svo ræður úr því merkjum upp í fjallið og svo bein stefna úr því á brún upp.

20. júní 1923.

Jóhannes Jónsson, eigandi ½ Þorleifsstaða

Sigurður Pétursson , eigandi ½ Þorleifsstaða (handsalað)

Stefán Eiríksson

Þorsteinn Björnsson, eigandi Hrólfsstaða

Gísli Björnsson (eigandi Vagla og Vaglagerðis)

Jón Gíslason, fyrir eigendur Miðhúsa .

(Það skal tekið fram , að nokkuð erfitt er að lesa ljósritið sem hér var farið eftir. Því er ekki víst að allt sé hér rétt ritað.)

Hér hafa komið fram nöfnin : Vaglahornmerki (11), Grundarkotstún (12), Svartimór (13) , Gegnislæksás (14), Merkjalág (15), Garðlag (16), Syðra - Kaplagil (17).

Þess er að gæta, að fyrir alllöngu er búið að selja bæði Grundarkot og Vaglagerði undan Þorleifsstöðum og gildir því ofanskráð landamerkjalinna að hluta til ekki lengur.

Lýsing jarðarinnar 1713.

Þorleifsstaðir, margir kalla það nú Þorleifsstaðir.

Jarðardýrleiki á allri jörðinni 60 hundruð, og eru þar þá í talin Mosagrund, Vaglagerði eður Tungukot, sem er hið sama, item hið þriðja, sem síðar segir að kallað er Þorvaldarkot etc.

Heimajörðin sjálf, sem nafninu beheldur, er talin tíunduð fjórum tíundum 40 hundruð.

Eigandi að 35 hundr. í heimajörðinni lögréttumaðurinn Skafti Jósephsson hér heima búandi. Eigandi að 5 hundr. í heimajörðinni hústrú Þrúður Þorsteinsdóttir að Víðivöllum , og leigir þau áðurnefndur lögréttumaðurinn Skafti.

Landskuld af 35 hundr. Skafta 0 síðan landsdrottinn ábýr, áður 1 hundrað 90 álnir. Galst í landaurum. Landskuld af parti hústrú Þrúðar 30 álnir í peningum, eður öðrum landaurum.

Leigukúgildi með parti biskupsekkjunnar né heimajarðarinnar 35 hundr., sem landsdrottinn heldur, nú 0, áður voru með þessum 40 hundruðum 6.

Kvaðir 0 og ei að fornu .

Kvikfé 8 kýr, 1 kvíga að fyrsta kálfi, 1 naut tvævett, 3 kálfar, 70 ær, 50 sauðir tvævetur og eldri, 55 veturgamlir, 9 hestar, 1 foli þrevetur, 1 tvævetur, 8 hross, 3 unghryssur.

Fóðrast kann á heimajörðinni 7 kýr, 1 geldnaut, 65 lömb, 12 hestar á útigangi.

Torfrista og stunga góð, og hin besta og so reiðingsrista.

Veidivon í Héraðsvötnum eignar Skafti Jósephsson sinni jörð, en það er ekki að lögum reynt við Miklabæjarmenn, vide supra Miklabæ.

Lambaupprekstur ut supra.

Vatnsból bregst um vetur og er þá erfitt til að sækja og hætt peningi fyrir hálfu á bröttum vatnsvegi.

Skríður granda fjallhögum, og engjunum hefur ein að nýju grandað.

Ekki er óhætt fyrir foröðum.

Mosagrund sem áður er getið, langvarandi byggð. Dýrleikinn kallaður 10 hundruð af Þorleiksstöðum ut supra og so tíundast.

Eigandi að 2 hundr. lögréttumaðurinn Skafti og yrkir hann þau sjálfur. En að 8 hundr. Sesselja Sigurðardóttir að Miðsitju og yrkir hún þau sjálf nokkurn part. Sumpart ljær hún heimabóndanum. Geldur ekki þar af nema tíund og fyrirsvor nú í næstu tvö ár, áður einu sinni 20 álnir þar að auk.

Síðast þegar hér var bygt á leigu var landskuld 60 álnir, áður 80 álnir í landaurum til landsdrottins. Kúgildi 3. Leigur í smjöri til landsdrottins.

Fóðrast kunni 3 kýr, 10 lömb, 1 hestur, 12 ær. Því er hér so ásett, að nokkrir vilja segja þetta sé að fornu sérdeilis jörð, en ekki sjöttungur úr Þorleiksstöðum, so sem áður er það hér skrifað og af mörgum kallað um langan tíma. Er hér á engin lögleg skýrsla komin.

Skríða hefur spillt hér bæði töðum og engjum.

Túnið er af 14 ára vanrækt í fordjörfun komið og er hér nú ekkert kvikfé.

Vatnsbólið sem var er horfið.

Vaglagerði, öðru nafni kallað Tungukot, byggt um langar stundir.

Dýrleikinn kallað og tíundað 10 hundruð úr Þorleiksstöðum.

Eigandinn lögréttumaðurinn Skafti Jósephsson. Ábúandi Egill Guðmundsson.

Landskuld 60 álnir og so að fornu, í peningum upp á landsvísu heim til eiganda.

Kúgildi 1 í ellefu ár, áður 3 og einhverntíma fyrri 4. Leigur í smjöri til landsdrottins.

Kvöð 0. Kvikfé 3 kýr, 46 ær, 18 sauðir tvævetrir og eldri, 15 veturgamlir, 3 hross, 2 hestar, 2 unghryssur.

Fóðrast kann 1 kýr, 15 lömb. Hitt er framfært á heyjunum af eftirskrifuðum kotum og því, sem landsdrottinn afleggur.

Aðrir kostir og ókostir sameiginlegir heimajörðinni.

Þorvaldarkot áður nefnt, þar sem fyrst segir af Þorleiksstöðum. Öðru nafni kallað Hjarðarholt, þriðja nafni Laufás, fjórða nafni Böðulsgerði, fimmta nafni Guddukot, byggt á fjárhússtæði hér um fyrir 60 árum. Hefur í auðn verið 17 ár.

Landskuld 40 álnir, síðast 30 álnir. En síðan byggðin féll af geldur ábúandi Vaglagerðis 20 álnir í peningum fyrir slægjurnar.

Kúgildi 1. Leigur í smjöri. Fóðrast kunni 1 kýr naumlega.

Túnstæði spillt af skriðu og má hér ei aftur byggja án skaða heimajarðarinnar.

Bergstöft heitir hér að nýrri nafngift, að fornu hefur þar aldrei byggð verið og eigi heldur í manna minni.

Loftsgærði heitir hjá áður skrifaðri Mosagrund, þar sýnast tóftaleifar, so menn geta til þar hafi einhverntíma byggð verið; engin vita menn önnur rök til þess. Hér má ei aftur byggja fyrir landþröng. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín.)

Hér komu fram ; Þorleifsstaðir (18), Mosagrund (19), Vaglagerði (20), Tungukot (21), Þorvaldarkot (22), Héraðsvötn (23), Hjarðarholt (24), Laufás (25), Böðulsgærði (26), Guddukot (27), Bergstöft (28), Loftsgærði (29).

Þegar jörðin var seld 1802.

Þorleifsstaðir ásamt Vaglagerði og eyðibýlinu Mosagrund.

Dýrleiki 60 hundruð, landskuld 1 hundr. 60 álnir, kúgildi 5. Við sérmat 1802 er dýrl. Þorleifsstaða 40 hundr., en Vaglagerðis með Mosagrund 20 hundr.

Krákur Jónsson á Hrauni í Öxnadal (albróðir Ólafs á Uppsölum) keypti jörðina á 500 rd. Hann bjó á Keldulandi 1809 - 1824, en er í söluskránni ýmist sagður vera á Hrauni eða Steinsstöðum, jafnvel eftir að hann er kominn í Kelduland. Scheving sýslumaður keypti 3 kúg. á Þorleifsstöðum á 34 rd., en Þorkell Þórðarson, er bjó í Vaglagerði 1794 - 1803, keypti tvö þar á 16 rd. Fyrsta greiðsla fór fram 1805, 180 rd., lokagreiðsla 1820, 108 rd., og greiddi Krákur hana, þótt selt hafi hann jörðina 1809, að sögn Jarða- og búendatafs.

Þessi jörð, með hjáleigum, komst undir Hólastól við makaskipti í stað Eyvindarstaða í A-Hún. Er bréf upp á það í Lovs., dags. 17. maí, 1899. (Skagfirðingabók 5, bls. 128.)

Úr Sóknaýsingu 1840.

Þorleifsstaðir 35 hndr., svo sem ¼ mílu þar suður undan (þ.e. suður undan Miðhúsum), nokkur heyskaparjörð, en landlítil. Líður mikið landbrot af Vötnunum.

Grundarkot 10 hndr., þar örskammt fyrir sunnan.

Straumvötn : Áðurnefnd Héraðsvötn, sem falla til norðurs og renna svo að kalla í hörðum streng í djúpu klettagili ofan að Flatatungu, þaðan á sléttum eyrum, þó víðast í strengjum, til Miklabæjar, og síðan milli sléttra grasbakka, en nokkru lygnari. Vöð á þeim vara ekki lengi á sama stað, en oftast eru þau fær á svokölluðum Sólheimabrotum. Ferjur eru öngvar í þessu prestakalli. (Sýslu- og sóknaýsingar.)

Jarðarlýsing árið 1849.

Þorleifsstaðir , með byggðum hjáleigum Grundarkoti og Vaglagerði, bóndaeign 60 hundruð að fornu gildi. Túnið á heimajörðinni er hér um bil 16 dagsláttur, meiripart slétt og harðlent og sýnist með meðalrækt eða hirðingu að meiga vera sæmilega grasgefið. Fóðrar fjórar kýr og hálfa. Engjar eru fremur víðslægar, meiripart votar og heyslæmar, en greiðfærar og í lakara lagi grasgefnar. Beitiland sem jörðinni tilheyrir sérlega lítið og létt fyrir búsmalann, - vetrararbeit því ónóg þó jarðsælt sé. Landbrot af Héraðsvötnum hefur til muna rýrt (?) engjatak jarðarinnar. Torfrista í betra lagi. Jörð þessari er til jafnaðar ætlað að framfleyta 4 kúm og hálfri, (?) 54 ám, 30 sauðum og 18 lömbum , eða 14 hundr.

Túnið á hjáleigunni Grundarkoti er hér um bil 5 dagsláttur, sumpart þýft og töðulétt, en sæmilega ræktað, - fóðrar eina kú og hálfa. Engjar eru greiðfærar og votar, en liggja nærri. Beitiland í sameign við Þorleifsstaði. Hjáleiga þessi framfærir til jafnaðar eina kú og hálfa, 27 ær og 10 lömb, - eða 5 hundr.

Túnið á hjáleigunni Vaglagerði er hér um bil 5 dagsláttur, mestalt þýft, sæmilega grasgefið, fóðrar 1 kú og hálfa. Engjar eru þýfðar, þurrar, liggja nærri, sæmilega grasgefnar og heygóðar, en litlar ummáls. Bithagi í sameign við Þorleifsstaði, en er þó best fallið til beitar vegna afstöðu. Hjáleiga þessi framfærir til jafnaðar 1 kú og hálfa, 26 ær og 6 lömb, eða 5 hundr.

Þorleifsstaðir með Grundarkoti og Vaglagerði samgildir þá 24 hundr.

Jarðarlýsing frá um 1918.

Þorleifsstaðir 22,8 hundr. Eigendur: Sigurður Pétursson og Jóhann Jónsson.
 Ábúandi Jón Jónasson.

Tún talið 526 arar, $\frac{1}{2}$ slétt, í meðalrækt, gefur af sér 200 hesta. Jarðeplagarður 50 fermetrar í góðri rækt, gefur af sér 5 tonn. Engjar nærtækar, greiðfærar, votlendar, snöggglendar, gefa af sér 300 hesta. Engjavegur slæmur. Beitiland þröngt, og eiga Grundarkot og Vaglagerði sambeit við jörðina. Snjólétt, vorgott, góð hrossaganga á vetrum. Tún og engjar girt frá bithaga. Upprekstur á Silfrastaðaafreitt. Vegur til kaupsins góður. Hús bærileg. Héraðsvötn brjóta árlega af enginu. Landamerki ágreiningslaus. Kúgildi 2. Landskuld 100 kr. Landið metið kr. 3.900,00, hús, þar af eign ábúanda kr. 300,00 kr. 900,00, tíu ára umbætur kr. 400,00. = Kr. 5.200,00.

Skýrsla Fasteignamatshéðnaðar 1965.

Þorleifsstaðir; Eigendur; Hólmsteinn Jóhannesson $\frac{1}{2}$, Málfríður Benediktsdóttir $\frac{1}{2}$.

Ábúandi Hólmsteinn Jóhannesson. Tún 1. jan. 1965 32 ha. vélslægt - 9,5 ha.

Jarðvegur túnsins; $\frac{1}{5}$ grunnur, hitt er djúpur og frjór jarðvegur, framræstur að miklu leiti. Kartöflur til heimilis. Ekkert engi. Beitiland er talsvert, liggur til fjalls, samgróið neðan til, mýrar og vallendisgróður, skriðugróður til fjallsins. Girt. Kalhætta mjög lítil. Afreittarland: Silfrastaðaafreitt.

Veiðiréttur í Héraðsvötnum, silungur og lax.

Íbúðarhús 392 m³. Steinhús byggt 1949. Ein hæð, valmabak. Einangrað með reiðingi. Útveggir, gólf, skilrúm og plata steipt. Pak: klæðning, pappi, járn. Rafmagn.

Herbergi 5, + eldhús, búr, bað, þvottahús og geymsla. Hitun frá sjálfvirkri olíukyndingu. Vatnsleiðsla og skólpleiðsla. Fyrirkomulag haganlegt. Viðhald gott.

Fjós fyrir 7 kýr. Byggt 1952. Steipt, einangrað með vikur, timbur, pappi og asbest. Sjálfbrynning.

Mjólkurhús, 30 m³. Byggt 1952, steipt, einangrað eins.

Fjárhús fyrir 50 kindur, byggt 1952, steipt, sambyggt við fjósið.

Hesthús fyrir 5 hross, torfhús.

Fjóshlaða, 360 m³, byggð 1952, steipt.

Eign Málfríðar Benediktsdóttur:

Íbúðarhús 168 m³. eldra hús, Yngri hús 100 m³. Viðbygging 1956, steinhús, íbúðarris 1 herbergi, geymsla, 2 herbergi niðri, eldhús, þvottahús, geymsla, bað og klósett.

Einangrað torfi og vikri, timburloft.

Fjós 14 básar, b.1940, steipt, einangrað með torfi milli tvöfaldrar veggja. Þakið með torfi Haughús 90 m³, steipt 1942, járnþak.

Hlaða 440, steipt 1942. Votheyslaða 100 m³, viðbyggð hlöðuna, 1948.

Safnpró 72 m³, alsteipt 1943.

Fjárhús f. 86 kindur, 126 m³, torfhús, timbur og steinn að framan.

Áhöfn; 16 kýr, 2 geldneyti, 70 kindur, 25 hross.

Búskaparaðstaða góð.

Ræktunarmöguleikar; mjög mikið land, þarf mismikla framræslu.

Vegalengd til Sauðárkróks 37 km. Samgöngur innan sveitar góðar.

Jarðhiti ekki rannsakaður, en volgar laugar eru til á nokkrum stöðum.

Rafmagn frá Gönguskarðsárvirkjun. Sími um Akra.

Neyzluvatn; Notaður lækur. Til er gott vatn og öruggt, en í nokkurri fjarlægð, ca. 530 m.

Steypumöl og vegaefni er ekki til.

Jörðin er hættalaus fyrir skepnur, liggur í nokkrum halla, geta verið hættur af skriðurennisli til fjallsins, og landbrot er mjög mikið af Héraðsvötnum.

Skýrsla Fasteignamatshéðnaðar Skagafjarðarsýslu 1965-66.)

*Úr Fasteignaskrá 2002.*Þorleifsstaðir ;

Eigendur; Þorleifur B. Hólmsteinsson 37,5 %, Jónína Lára Stefánsdóttir 37,5 % og Hólmfríður Jóhannesdóttir 25%. Ábúandi Þorleifur B. Hólmsteinsson.

Ræktað land 27,5 ha.

Véla og verkfærageymsla 81,8 m²., byggð 1968, hlaðin.

Fjós 90,5 m²., byggð 1952, steipt.

Gripahús 69,8 m²., byggð 1940, steipt.

Hlaða með súgþurrkun 77,8 m²., byggð 1952, steipt.

Hlaða 88,2 m²., byggð 1955, steipt.

Geymsla 12,2 m²., byggð 1952, steipt.

Haughús 63,2 m²., byggð 1940, steipt.

Hlaða 129,8 m²., byggð 1980, stál.

Hlaða 124 m²., byggð 1982, steipt.

Fjós með áburðarkjallara 138,9 m²., byggð 1989, steipt.

Mjólkurhús 45,6 m²., byggð 1989, steipt.

Blásarahús / súgþurrkun 8 m²., byggð 1982, timbur.

Eigendur húsa og ræktunar; Þorleifur Hólmsteinsson og Jónína Lára Stefánsdóttir.

Lax- og silungsveiði .

Einbýlishús 126,4 m²., byggð 1949, steipt. Eigendur; Þorleifur og Jónína Lára.

Íbúð 111,8 m²., byggð 1956, steipt. Eigandi; Hólmfríður Jóhannesdóttir.

Íbúð 68,2 m²., byggð 1985, timbur. Eigandi; Gunnfríður Björnsdóttir.

Þorleifsstaðir land. Sumarbústaðaland 3.000 m². Eigandi Margrét Hólmsteinsdóttir.

Sumarhús 37 m²., byggð 1983, timbur. Eigandi Margrét Hólmsteinsdóttir.

(Fasteignaskrá 2002.)

Úr skýrslum um jarðhita.

Þorleifsstaðir . Jarðhiti er á þremur stöðum í landi Þorleifsstaða. Laug, 20 - 30 °C heit , er úti í Héraðsvötnum við Mógrafartanga (30). Í þjóðveginum við Reiðingsholt (31) eru volgrur, 22 - 23°C heitar og er rennsli úr þeim minna en 1 l/s . Þá eru volgrur á allstóru svæði um 300 m. norðan bæjarins. Hiti er þar 12 - 16 °C og rennsli samtals nokkrir l/s .

(Jarðhiti í innsveitum Skagafjarðar. Rv. 1984.)

Þorleifsstaðir . Íbúðarhús er 392 m steinhús. Um 600 m. norðaustan við bæinn er 15°C heit volgra, sem nú þegar er búið að leiða sjálfrennandi vatn úr heim í bæ. Gert er ráð fyrir að nota varmadælu til upphitunar og að stærð hennar verði 10 kW og nýtni 2,5. Vatnsþörf úr volgru er við þessar aðstæður 0,6 l/s og hér er gert ráð fyrir að enginn aukakostnaður verði vegna virkjunar jarðhita.

Stofnkostnaður: Varmadæla 170 þús. kr. Ýmislegt og ófyrirséð 34 þús. kr. = 204 þús.

Rekstrarkostnaður: Fjármagnskostnaður 9% kr. 18 þús. kr. Viðhald 2 % 4 þús. kr.

Rafmagn á varmadælu 20 þús. kr. = 42 þús. kr. (Jarðhiti í innsveitum Skag. Rv.1984.)

Þorleifsstaðir :

1. Mógrafartangi : Laug úti í ánni rétt norðan tangans. Í henni var þveginn þvottur fyrir nokkrum áratugum, því hún kom upp úr ánni. Nú hefur áin étið sig austar og kemur nú laugin ekki upp úr. Hitinn talinn vera 20 - 30 °C.
2. Reiðingsholt : Í austurhelmingi vegar bræðir af á 11 m. kafla. Tvö augu sem vatn seytlar úr eru í eystra hjólfarinu og eru 1-2 m. á milli þeirra. Nokkuð bólar upp úr augunum. Hitastig 23°C í syðra auganu en 22°C í því nyðra. Rennsli er innan við 1 l/s.
3. Jarðfall (32): Jarðhiti er á stóru svæði í brekkunni töluvert utan bæjarins, utan og ofan við túnin og neðan gamals vegar sem liggur með hlíðinni. Hiti er víða um 14°C á svæði sem nær 10 - 25 m. niður fyrir veginn, en efstu volgrurnar raða sér á línu sem liggur 5 - 10 m. neðan vegarins. Helstu augu eru tilgreind hér á eftir.
 - a. Smávætl úr mel. Hitastig 13 °C

- b. um 12 m. norðan við a er dý sem er 5-6 m. í þvermál. Neðst í dýinu er grafið vatnsból og er rennsli úr því um 1 l/s. Hitastig 15°C.
- c. Um 25 m. norðan við b er dý sem er 5-6 m. í þvermál. Hitastig 15°C.
- d. Um 4-5 m. breitt dý er neðan undir gömlum torfgarði. Nokkuð bólar úr dýinu . Rennsli er nokkurt. Hitastig 16°C.
- e. Um 10 m. neðan við d og 3-4 m. innar kemur volgt vatn fram undan barði. Hitastig 16°C.
- f. Dý um 2 m. í þvermál er undir gömlum túngarði. Nokkuð bólar úr því. Hitastig 15,5°C.
- g. Um 5-6 m. breiður melur með hvítum útfellingum og bólustreymi. Rennsli nokkurt. Hitastig hæst 15°C.
- h. Um 20 m. sunnan við g og ögn neðar er volgur melur með hvítum útfellingum , en þetta er líklega afrennsli frá vatnsbólunni. (Skagafjörður. Jarðfræði, jarðhiti osfrv. 1991)

Rannsóknarholur: Borað í nóv. 1987.

Þorleifsstaðir : Borað var 71,3 m. djúp hola (TS 01) við 36,5 °C heita volgru í landi Þorleifsstaða. Borað var með 4,5 “ fódurröri í 21,3 metra. Neðan fóduringar var borað með 3 ½ “ hamri í botn. Smáleki kom í holuna á 24 og 28 metrum. Vatnsæð er í holunni á 68 metra dýpi og var rennsli í borlok um 8 l/s. Einum mánuði eftir borlok var holan hita- og rennslismæld og gaf þá 6,2 l/s af 37,7°C heitu vatni. Hitamæling er í viðauka III. (Skagafjörður. Jarðfræði, jarðhiti, ferskvatn og rannsóknarboranir. Rv.1991.)

Staðhættir og umhverfi.

Býlið Þorleifsstaðir er að segja má í miðri Blönduhlíð og í landnámi Hjálmólfs, sem talið er að hafi numið landið milli Bóluár og Dalsár. Ekki kemur fram í fornsögum á hvaða bæ þessi landnámsmaður bjó, en síðari tíma menn hafa giskað á að hann hafi búið á Úlfstöðum.

Hvar miðja Blönduhlíðar er nákvæmlega getur orkað tvímælis, því menn hafa ekki verið sammála um mörk hennar, a.m.k. ekki að norðan.

Land Þorleifsstaða liggur móti vestri og nær upp á fjall og niður í Héraðsvötn. Reyndar náði það lengra vestur til forna, því Stokkhólmi er talinn byggður úr landi Þorleifsstaða, en þá munu Vötnin hafa lagt leið sína vestan við Stokkhólma .

Landareign Þorleifsstaða liggur að löndum Miðhúsa og Akratorfu að norðan og (?) austan, Vagla, Vaglagerðis og Grundarkots að sunnan, og Stokkhólma að vestan með hin breytilegu Héraðsvötn á milli. Innan landamæra Þorleifsstaða voru nokkur kot eða hjáleigur, sem nú eru úr sögunni sem býli, og sum þeirra komin undir aðra jörð, Vagla.

Eldri örnefnaskrár.

Fram hafa komið tvær örnefnaskrár fyrir Þorleifsstaði og að auki ein skrá fyrir Grundarkot sérstaklega. Eldri skrá Þorleifsstaða er merkt Margeiri Jónssyni og eflaust stíluð af honum a.m.k. viðaukarnir, en skráin er ekki dagsett eða ársett og heimildarmanns eiginlega ekki getið, en vitnað er til Stefáns á Höskuldsstöðum . Grundarkotsskráin er einnig frá Margeiri og sjálfsgagt frá sama tíma og þar er heimildarmanns getið, sem er Stefán Jónsson á Höskuldsstöðum. Skrár Margeirs eru langflestar gerðar árið 1934.

Yngri skráin fyrir Þorleifsstaði (og Grundarkot) er eftir Gísla Magnússon og er dagsett 26 nóv. 1974. Þar er heimildarmaður Hólmsteinn Jóhannesson , f. á Þorleifsstöðum 28. maí 1919 og hefur búið þar allan sinn búskap. Jóhannes Jónsson, faðir hans, kom í Þorleifsstaði 1912 og hóf búskap þar 1918.

Á skrá Margeirs fyrir Þorleifsstaði eru 20 númeruð nöfn.

Á skrá Margeirs fyrir Grundarkot eru 6 ----- ---- . samtals hjá Margeiri 26 nöfn.

Á skrá Gísla Magnússonar eru 49 nöfn, en strikað hefur verið yfir eitt þeirra , = 48 nöfn.

Öll nöfnin af eldri skránum koma fram á skrá Gísla , svo sem eðlilegt er, utan eitt. Þess er þó rétt að geta að Margeir hefur talið réttara að nota Þorleiksstaðanafnið í stað Þorleifsstaða.

Nú þegar byrjað er á að gera nýja skrá, er skrá Margeirs að verða 70 ára gömul og þau 70 ár hafa verið mjög mikið breytingaskeið í lífi og sögu lands og þjóðar. Og skrá Gísla M. er að verða 30 ára gömul, og enn eru þjóðlífsbreytingar miklar.

Hér á eftir verða allar nefndar örnefnaskrár teknar inn og síðan reynt að bæta nöfnum við eftir því sem hægt er (án þess að búa þau til.)

Þorleifsstaðaskrá Margeirs Jónssonar.

Þorleiksstaðir (33). Grundarkot (34), sem er næsti bær að sunnan, er fyrir löngu byggt úr Þorleiksstaðalandi, og bithagi er sameiginlegur með jörðunum. Örnefni eru fá í landinu. Fyrrum var það stærra en nú, því að Gegnishólmi (35) hefur einhverntíma verið seldur undan Þorleiksstöðum og lagður til Stokkhólma. Mun ástæðan hafa verið sú, að Héraðsvötn (36) hafa brotið sér farveg austan við hólmann, en áður féllu þau vestan við hólmann, en Stokkhólmabónda hins vegar aðstöðugott með afnot af honum, þegar Vötnin færðu sig austur fyrir hólmann.

Þorleiksstaðafloí (Þorleifsstaðafloí (37)) er út og niður frá túninu. Teigar (38) kallast engið norður frá túninu. Hvítiblettur (39) hét lítil skák niður undan gamla túninu, en nú er búið að breyta því öllu í tún. Þar hafði verið býli í gamla daga, og dálitlar húsarústir voru þar, en nú sjást þess engar menjar, því að búið er að jafna það allt við jörðu og slétta, eins og fyrr segir.

Þorleiksstaðaás (Þorleifsstaðaás (40)), ætíð nefndur Ásinn (41), er út og upp undan túninu, og liggur hann talsvert hærra. Ofan við Ásinn er eyðikot, sem heitir Þorvaldarkot (42). Þar er gamalt túnstæði, vallgróið, og tóftarbrott. Ennfremur sést fyrir túngarði. Mun vera mjög langt síðan þarna var búið. Þorleiksstaðareitur (Þorleifsstaðareitur (43)), ætíð nefndur Reiturinn (44), kallast fjallendið fyrir ofan áðurnefnt Þorvaldarkot, og nær Reiturinn sunnan frá Vaglagili (45), sem er nálægt syðri merkjum jarðar þessarar, og út að Kaplagili (46), sem er merkjagil milli Miðhúsa og Þorleiksstaða. Kvíaklöpp (47) er út og upp undan Þorvaldarkoti.

Vaglagerði (48) var byggt úr Þorleiksstaðalandi, en selt undan jörðinni fyrir nokkrum árum. Það hét öðru nafni Tungukot.

Viðaukar við skrá Margeirs.

(Þessir viðaukar eru sennilega skrifaðir af Margeiri sjálfum, og hefur hann þá bætt þeim við til skýringar.)

1. Bær þessi kallast nú ætíð Þorleifsstaðir, og fór að bera á þeirri breytingu um 1700 (sbr. Á.M.). Í öllum eldri heimildum er nafnið Þorleiksstaðir (49). Óskýr framburður á nafninu, -leigs- -leifs-, hefur valdið þessu. Finnst mér rétt að leiða eldra nafnið til sætis síns að nýju, sem er svipmeira nafn.
2. Snemma á öldum runnu Vötnin einnig vestan við Stokkhólma, og því er það, að sú jörð er talin með Akrahreppi.
3. Ætíð sagt Þorleifs í viðkomandi örnöfnum.
4. Grundarkot, sem nefnt er í byrjun þessarar lýsingar, hefur um 1700 og áður heitið Mosagrund (50). Sést það af frásögn Á. M. í Jarðabók hans; var þá "langvarandi byggt". Um 1839 er eldra nafnið alveg horfið, en Grundarkot "risið upp" (sjá Johnsen), og er sama hundraðatal á því, sem á Mosagrund áður (10 hundr.), sem von er.

Þorvaldarkot vantaði ekki nöfnin. Árni Magn. telur fjögur að auki: Hjarðarholt (51), Laufás (52), Böðulsgerði (53) og Guddukot (54). Ef til vill hefur Ásinn heitið upphaflega Laufás? . Einnig telur Árni Bergstöft (55) og Loftsgarði (56) byggðarleifar í Þorleiksstaðalandi.

Stefán bóndi á Höskuldsstöðum , segir mér (16.10. 1935), að Laufás sé í Ásbrúninni (57), út og upp frá túninu á Þorleiksstöðum. Þar eru rústir, en nú heitir þar Réttarhvamur (58) eftir rétt, sem þar var sett, en nú aflögð.

(Varðandi nafnið Kvíaklöpp.) Þetta er tekið (16. 09. 1935) eftir munnlegri frásögn Rögvalds Jónssonar, fyrr bónda á Þorleiksstöðum.

Stefán á Höskuldsstöðum segir, að eldra nafn á Hvítaletti (59) sé Hringur (60). Einnig telur Stefán Nautabú (61) utan við (gamla) túnið, og sjást þar rústir.

Hvorugt þessara kota , ef þar hafa býli verið, eru nefnd í jarðabókunum.

Athygli skal að því leidd, að ætíð kvað sagt vera Þorvaldarkot, ekki Þorvalds-, sem er þó norðlenzka beygingarmyndin . (Örnefnaskrá Margeirs Jónssonar).

Grundarkotsskrá Margeirs.

Grundarkot (62): (Heimildarmaður Stefán Jónsson á Höskuldsstöðum.)

Býli þetta hét áður Mosagrund (63). Utan og ofan við túnið er grasi gróin brekka með klöpp ofan á, sem kallast Bergið (64), og merkir nafnið í daglegu tali bæði brekkuna og klöppina. Sunnan við brekkuna er fjárhús, nefnt Bergshús (65), kallast Bergstöft (66) í Jb. Á.M. , og Berghústún (67) heitir dálitill tunkragi þar umhverfis, fraskilinn aðaltúninu. Ofan við Berghústún er fornt býli með glöggum túngarði og tóftarbrotum . Heitir þar Loftsgerði (68), og gilið upp undan þessu eyðikoti heitir Loftsgil (69) . Loftsgerði einnig til 1713, þá í eyði.

Kot þetta , Mosagrund, sem oft hefur verið í eyði, er mjög gamalt, nefnt fyrst í landam.bréfi Þorleiksstaða 1546, eða jafnvel snemma á 14. öld, ef bréfið er ósvikið.

(Örnefnaskrá Margeirs Jónssonar.)

Úr Örnefnaskrá Gísla Magnússonar.

Þorleifsstaðir eru næsti bær sunnan við Akrafur. Í henni teljast nú Minni- Akrar norðast, þá Stóru- Akrar, tvíbýli, síðan Höskuldsstaðir og syðst Miðhús. (Ath.) Bærinn stendur nokkuð hátt, á ásbrún einni langt frá þjóðveginum.

Neðan vegar eru Héraðsvötn (70), sem unnið hafa mikil landspjöll á jörðinni, eins og glögg má sjá. Til fjalls á jörðin land í Akrafjall (71), eins og það heitir hér.

Túnið sunnan við Bæjargilið (72), sem skerst í gegnum ásin, er bærinn stendur á, nefnist Suðurtún (73). Austan við það hækkar landið mikið, og heitir það Berg (74) . Efst á Berginu er gamalt tóftarbrott, Kvíaból (75).

Utan við Bæjargilið , norður af Berginu, er Réttarhústún (76). Efst á því var hesthús, Réttarhús (77), sem nú er fallið. Neðan við ásin sem bærinn stendur á, hét Þorleifsstaðafloi (78), en er nú búið að rækta upp og gera að túni.

Rétt sunnan við Flóann (79), neðan vegar, var Hvítiblettur (80) eða Hringur (81), sem nú er orðinn að túni. Þar var býli fyrrum, er hét Kríusker (82), sjá aftan við, ums. Stefáns Jónssonar á Höskuldsstöðum.

Norðast í túninu rís allhátt holt, sem kallað er Reiðingsholt (83). Þar austur af er Jarðfall (84). Eftir því rennur Jarðfallslækur (85), 15° heitur, og kemur undan Þorleifsstaðaás (86) eða Ásnum (87), eins og hann er yfirleitt kallaður.

Norðan við túnið, neðan Áss , heita Teigar (88). Út eftir þeim liggur nokkuð slétt spilda, nefnd Flesja (89). Út undir merkjum, milli Miðhúsa og Þorleifsstaða, er lítil laut, Merkjalaut (90).

Austan við Ásin.

Þegar komið er austur fyrir Ásin, lækkar landið. Þar heitir Gróf (91), og rennur Grófarlækur (92) eftir henni. Ofan við Gróna (svo) er landið nokkuð slétt, og kallast þar Grundir (93).

Austan þar stóð í fyrndinni kot, kallað Þorvaldarkot (94). Fjallendið ofan við kotið er kallað Þorleifsstaðareitur (95) einu nafni, eða Reiturinn (96). Þar eru þessi örnefni :

Austan við Grundirnar hækkar landið mikið, og heitir þar Brekkur (97). Efst í þeim er lítið klettagil ; það heitir Gálgagil (98), en ekki er vitað til , að það hafi verið brúkað til slíkra hluta.

Suður af gílinu, þó norðar en móts við Þorvaldarkot, er Kvíaklöpp (99) eða Kúaklöpp (100), eins og hún er alltaf kölluð nú.

Norður af Gálgagili, jafnlangt eins og Kvíaklöpp er til suðurs, er annað gil, á merkjum Miðhúsa og Þorleifsstaða. Það heitir Kaplagil (101). Nær Reiturrinn út þangað og suður að Vaglagili (102), sem er nálægt landamerkjunum að sunnan.

Austur af Kvíaklöpp er víðáttumikill melur, Breiðimelur (103). Þar ofan við, efst í Reitnum, heita Kverkar (104). Loks er efst í fjallinu, norður af Vaglaskál (í landi Vaglagerðis) svonefndar Göngur (105).

Þar sem Þorvaldarkot var, heitir nú Réttarhvammur (106) eftir rétt, sem þar var. (Þetta er misskilningur. Sjá aths. síðar.) Fleiri voru nöfnin á kotinu. Árni Magnússon telur upp Hjarðarholt, Laufás, Böðulsgerði og Guddukot, sjá hér aftan við , ums. Stefáns Jónssonar á Höskuldsstöðum.

Við nafnið Böðulsgerði (107) dettur mönnum sjálfsagt í hug Gálgagil, sem áður er nefnt, en engar veit ég sögur af böðli þar. (Örnefnaskrá Gísla M.)

Enn úr skrá Gísla M.

Árni (Magnússon) taldi fleiri byggðaleifar í landinu. Þar var Bergstöft (108) og Loftsgerði . Þá voru norðan við gamla túnið miklar tóftaleyfar, að sögn Hólmsteins, og hét þar Nautabú (109), og hefur vafalaust verið fjós upphaflega, hvort sem búið hefur verið þar eða ekki.

Þorleifsstaðir voru mikil jörð fyrrum og ágæt bújörð. Það sýnir hinn mikli fjöldi eyðikota, sem jörðinni fylgdu. Auk þeirra, sem nefnd eru, voru Grundarkot (110) eða Mosagrund, eins og það hét áður, og Vaglagerði (111). Nú eru bæði þessi kot lögð undir Vagla, en þó kallast Grundarkot sérstök jörð.

Loftsgerði (112), sem áður er nefnt, er rétt fyrir ofan heimreiðina að Vöglum. Þar upp undan er gil, Loftsgil (113). Berghús (114) er efst í Grundarkotstúninu, sem er sunnan við heimreiðina að Vöglum. Það mun vera sama og Bergstöft. (Sjá aths.)

Stefán á Höskuldsstöðum segir Laufás (115) vera framan í Ásbrúninni, það sé sama og Réttarhvammur, en allt annað en Þorvaldarkot. Spölkorn sunnar á Ásnum er tóftarbrót, sem hann veit engin deili á, en vera meg, að sé eitthvert þessara kota, sem sögð eru vera á Þorvaldarkoti, en þau nöfn þekkir hann ekki.

Stefán hefur aldrei heyrt nafnið Kríusker (116) , en nafnið er sjálfsagt fundið með sama hætti og nafnið Hvítiblettur. Hann var þurrari en deiglent landið í kring og stóð heldur hærra. Þegar blautt var á , sótti krían mjög þangað í maðk. (Örnefnaskrá Gísla Magnússonar.) Aths. Berghús er norðan við núverandi heimveg að Vöglum.)

Ath. varðandi Akratorfu. Skrásetjari hefur ekki séð það fyrr í heimildum, að Minni- Akrar tilheyri Akratorfu, en hinsvegar væri það mjög eðlilegt. Hinsvegar hefur Brekkukot verið talið í Akratorfu, enda var sú jörð áður fyrr hjáleiga frá Stóru- Ökrum.

Frá heimildarmönnum 2004.

Aths. Varðandi Réttarhvamm (117), sjá nr. 106 hér á undan . Þarna hefur orðið einhver misskilningur. Réttarhvammur er ekki þar sem Þorvaldarkot var, heldur 500 - 600 metra frá. Hann er út og upp frá bænum, ofan við Ásbrún og milli ása. Þar sjást leifar af rétt . Ofan við Réttarhvamm er búið að rækta tún, tvær sléttur, og nefnist það tún Ástún (118). Einnig er búið að gera veg frá bænum og upp að Ástúni og er hann nefndur Ásbraut (119). Sagt hefur verið að Ásinn (120) hafi áður fyrr verið nefndur Laufás (121) .

Kvíaklöppin (122) hefur á síðari tímum alltaf verið nefnd Kúaklöpp (123).

Sumarhús Margrétar Hólmsteinsdóttur heitir Hulduberg (124). Það stendur á hjalla sem nefnist Berg (125) (Bergið) og sunnan við húsið sést í klöpp. Í kringum húsið er afgirtur blettur og er búið að planta þar trjám, í mestallan blettinn. Skammt sunnar og nokkru neðar var hjáleigan Grundarkot (126). Bergið er sunnan við Bæjarlæk (127), sem kemur niður Bæjargil (128), og neðan undur Berginu norðast, efst í Suðurtúni, var Hesthús (129) og hlaða við. Það er að mestu horfið, en þó sést í grjóthleðslu. Kvíaból (130) var norðast á Berginu (sjá Kvíar hér á eftir).

Mannvirki og mannvirkjaleifar 2004.

Norðan Bæjarlækjar standa (árið 2004) þrjú hús í röð, en með dálitlu millibili. Efst er gamli bærinn, sem er eign Hólmfríðar Jóhannesdóttur og notaður sem sumarhús. Næst er svonefnt Ömmuhús (131) og þar býr Gunnfríður Björnsdóttir. Þar er kominn trjágarður í kringum húsið. Neðst er svo íbúðarhús núverandi ábúenda Þorleifsstaða og skammt norðan við það er fjósið. (Þ.H.)

Gamli bærinn (torfbærinn) var fast austan við efsta íbúðarhúsið. Var vestari hluti þess húss byggður fyrr, og svo byggt við það að austan þegar gamli bærinn vék. Suðaustan við gamla bæjarstæðið var og er Öskuhóll (132) fast við Bæjargilið (133). Hann er ekki hár, en þó óhreyfður, nema ef lækurinn hefur eitthvað strokið úr honum. Í gilbrekkunni við Öskuhólinn var kartöflugarður um skeið, og vestan við hann var gata yfir lækinn. Norðan við þetta hús (sund á milli) var hesthús og vottar fyrir undirstöðum þess í (undir) grasrótinni. Í kringum þetta efsta og elsta íbúðarhús er girtur garður með nokkrum trjám, og eru þar stór reyniviðartre, gróðursett af Lilju Sigurðardóttur á Viðivöllum um 1930 eða aðeins fyrr. Munnmæli eru um, að menn hafi talið að Hálfkirkja (134) eða Bænhús (135) hafi hér verið og staðið á hlaðvarpanum, vestan eða suðvestan við bæinn. Gæti hafa verið eins og vestast í garðinum sem nú er.

Í nefndum garði er gömul hestasláttuvél. Það munu hafa verið bændurnir Jóhannes á Þorleifsstöðum og Jón í Miðhúsum sem keyptu þessa vél í félagi, líklega laust fyrir 1930.

Spöl utan og austan við þetta elsta íbúðarhús er gamalt fjós, og af sér gengið, en norðan við það er stæðilegt braggahús. Þetta eru nú (2004) efstu húsin. Spölkorn utan og ofan við braggann eru vallgrónar leifar Réttarhúsa (136), nær neðst í brekkunum. Þar sést grjóthlaðinn veggpartur og er húsleifin 5 x 7 m. + heytóft.

Sunnan við lækjargilið og suður undan nefndu íbúðarhúsi og bæjarstæði sést far eftir líklega matjurtagarð.

Skammt sunnan við lækjargilið og örstuttu neðan við réttarleif og túngirðingu, en ofan við túnið, virðist vera leif af Kvíum (137). Þær eru vallgrónar, stærð rústar er ca. 4-5 x 14 metrar og einhver sepi suður úr þeim austast, (sjá einnig Kvíaból.) Leifar grjóthlaðinnar Réttar (138) eru þar ofan við og um túngirðinguna. Réttin er í tveim hólum, hið vestara ca. 10 x 5 - 6 m. og hin ca. 5 x 12 m. (stigið). Á gamla réttarstæðinu er timburrétt sem er að falla, enda ekki notuð lengur. Þarna er mikið grjót. Örstuttu ofar sést leif Gamla vegarins (139) og vað á læknum, þar sem vegurinn lá yfir hann. Þetta var reyndar fyrsti bílvegurinn eftir Blönduhlíðinni. Hann liggur svo suður austan við Bergið, í brekkurótum.

Réttarhvamur (140) er alllangt út og upp frá bænum og ofan við neðri brúnir á Ásnum (141) og vestan í Ásbrúninni (142), sem svo er nefnd. Þaðan sést aðeins í þök húsa heima á staðnum. Þetta er valllendishvamur í allgóðu skjóli a.m.k. fyrir norðanátt (farinn að grænka meir en annar úthagi, 13. maí 2004.) Í hvamminum sést réttarstæðið 7-8 x 9 metrar að stærð, sést í grjót - nokkra stóra steina. Örstuttu sunnar sést ferningur (gerði) 8 x 9 m. Ofan við hvamminn er nær flatur ásinn og þar, skammt frá hvamminum, er búið að rækta tún og norðari slétta er 500 m. löng og nær út að landamerkjum. Hér er komið á hallalítinn bekk sem nær allt austur að Þorvaldarkoti.

Nú skal fara aftur heim að bænum. Spöl neðan við elsta íbúðarhúsið er áður nefnt Ömmuhús (143) með trjágarði í kring. Enn neðar er íbúðarhús fjölskyldunnar, en það var byggt 1949 og flutt í það 1950. Norðan við það er fjósið og tilheyrandi byggingar. Stuttu

norðan við fjósbyggingarnar er svonefnt Nautabú (144) sem áður er nefnt. Þar voru fjárhús fram um 1980, en þá skemmdust þau af eldi (reykkofi var þar við húsin) og voru svo rifin. Hesthús var norðan við þau. Framstafn húsanna var úr steinsteypu. Litlar minjar sjást þar, en þarna voru nú geymdar heyrúllur og minjar húsa ekki skoðaðar.

Örstutt suðaustan við síðast nefnda íbúðarhúsið er skemma. Hún stendur á sama stað og áður voru fjárhúskofar þeir, er mannabein fundust í eða við. Fjárhúsið hét Hólhús (145) og var garðahús og hlaða við. Er líklega almennt talið að þar, sunnarlega í grunni þessarar skemmu, hafi árið 1932, komið fram (fundist) bein séra Odds á Miklabæ, er hvarf árið 1786. Hafa þá beinin legið þarna í jörðu, í nærri hálfa aðra öld, eða um 146 ára skeið. Samanber þátt í tímaritinu *Heima er best*, 3. tbl. 2004. Farið var með bein þessi suður á Þjóðminjasafn. (Sjá kafla hér á eftir.)

Niður undan íbúðarhúsum og rétt neðan við núverandi vegargirðingu var fjárhúskofi sem a.m.k. seinast var Lambahús (146). Það er nú horfið, en var á þeim stað sem hét Hvítiblettur (147) eða Hringur og þar sem sagt var að hefði verið kotið Kríusker (148). Þarna sjást nú engar mannvirkjaleifar enda er þar tún, en þegar plægt var þarna fyrir um þrem árum kom upp grlót, - líklega veggjagrjót. Af fyrrnefndum þætti í "Heima er best" mætti ætla að mannabeinin hefðu fundist undir þessu lambahúsi, en þau voru á öðrum stað eins og fyrr segir.

Leifar Þorvaldarkots.

Skrásetjari skoðaði leifar Þorvaldarkots (149), þann 11. maí 2004.

Þegar komið er upp fyrir brúnirnar ofan við Þorleifsstaði, er komið á breiðan og mikinn bekk eða stall í landslaginu, en ofan við hann er lág brekka. Leifar Þorvaldarkots eru efst (austast) á bekknum og rétt norðan við þær og örstutt austan við er hagagirðing frá Þorleifsstöðum. Spölkorn sunnan við kotið er merkjagirðing og skurður á landamerkjum Þorleifsstaða og Vagla, þ.e. landamerkjum síðan Grundarkot og Vaglagerði voru sameinuð Vöglum. Sunnan þeirrar girðingar eru nú tún frá Vöglum, - allt landið ræktað út að landamerkjum og lengra upp en á móts við leifar kotsins.

Leifar Þorvaldarkots eru á rinda, sem næst suður undan Brekkukoti í Akratorfu og norð-norðaustur frá Vaglabænum, upp við brekkurætur og 20 m. norðan við dálitinn læk. Á rindanun er einnig ofurlítið túnstæði og mikið af því er greiðfært (lítið þýft). Aðalrústin er á bletti ca. 11 x 20 metra og sést nokkuð af veggjagrjóti. Líklega hefur hér verið fjárhús síðast og vottar fyrir 9 m. löngum garða. Hvað meira hefur verið þarna er óljóst. Á smáhæð spöl neðar er líklega einhver leif, ca. 5 x 8 m. Þar aðeins utar og neðar er líklega nokkuð stór tóftarleif, djúp í miðju, stærð 6 - 7 x 13 m. Túngarða sá skrásetjari ekki. Rústir kotsins skera sig úr umhverfinu 11. maí, með grænum lit. Fyrrnefndur lækur fer norður fyrir girðinguna skammt neðar og fer þar að myndast lækjargil.

Skammt sunnan við núverandi landamerkjagirðingu og suður undan leifum Þorvaldarkots, voru rústir fjárhúsa frá Þorvaldarkoti, að sögn Vaglamanna, en þær rústir hurfu við túnrækt.

Þvergirðingin skammt ofan við Þorvaldarkot, liggur áfram norður eftir. Skammt ofan hennar endar rindinn og þar, í beinu framhaldi ofan við, er kelda og úr henni kemur áðurnefndur lækur. Framan í brekkubrún, kippkorn út og upp frá leifum kotsins, er Kúaklöpp (150), sem er klettur nokkuð á aðra mannhæð. Framan við hann eru kvosir. Þar ofan við er annar bekkur, og svo er enn langt upp að fjallsrótum. Þar yfir gnæfir svo Vaglafjall (151) eða Akrafjall, eins og það heitir á landakorti. Spöl sunnan og neðan við Kúaklöpp er stórt bjarg, fallega kantað. Það er sem næst í línu upp frá áðurnefndri hagagirðingu og ekki langt utan og ofan við leifar Þorvaldarkots. Bjarginu hallar dálítið til vesturs og er tæp mannhæð upp úr jörð.

Bein Odds, eða bara einhvers.

Hér á undan kemur fram, að fólk hefur álitnið að það hafi verið bein sr. Odds á Miklabæ, sem fundust á Þorleifsstöðum árið 1932. En kanski er málið ekki svo einfalt.

Hjá Þjóðminjasafni eru bein frá Þorleifsstöðum í Blönduhlíð, sögð hafa komið þangað 22. 08. 1934, og hafa númer 11587. Þetta eru sögð fúin og óheilleg bein tveggja manna, þar af annar miðaldra karlmaður. **Fundust á Þorleifsstöðum í Blönduhlíð og munu að öllum líkindum vera frá fornöld.** Vísað er í Árbók fornleifafél. 1933 - 1936, bls. 43 - 44.

Nærri lætur að með þessu sé útilokað að bein þessi séu leifar sr. Odds, en hugsanlega er nú, í byrjun 21. aldar, með nýrri tækni hægt að rannsaka beinin betur, og e.t.v. ráða gátuna að einhverju leiti.

Í grein þeirri, sem hér að ofan er vísað til í Árbók fornleifafél., segir meðal annars, að haustið 1932 fann Jóhannes Jónsson bóndi á Þorleifsstöðum, mannabein í smágróf sunnan undir fjárhúsi skammt vestur frá bænum, svonefndu Hólshúsi (152). Var moldarbingur þar við húsvegginn, en Jóhannes mokaði honum burt, því að hann vildi gera kofa við vegginn. Er hann stakki niður skóflunni urðu fyrir steinar á einum stað. Voru þar nokkrar smáhellur og tæp skóflustunga af mold ofan á þeim. Undir hellunum var smágróf sú er beinin voru í. Var lítið svo á að beinin væru úr einum manni, og að lega þeirra í þessari smágróf sýndi, að maðurinn hafi verið látinn í hana samankreppur um hné og mjaðmir, og líklega með niðurbeygt höfuð.

Þegar bóndi hafði byggt kofann, gróf hann beinin í garðanum í kofanum, vesturenda hans, þar nærri er gröfin var áður.

Síðan kemur fram, að séra Lárus lét vita um beinafund þennan, og fór ég því heim að **Þorleifsstöðum** (segir greinarhöfundur, sem líklega er Matthías Þórðarson) 19. dag ágústmánaðar 1934. Tók þá bóndinn beinin upp úr garðanum, og voru þau flutt til **Þjóðmenningarsafnsins**.

Í framhaldi greinarinnar kemur fram, að beinin voru fá og óheilleg flest, en þau eru úr tveim mönnum. Tveir lærleggir eru þó heilir og úr sama manninum og benda til að maðurinn hafi verið um 167 sm. hár. Jaxlar úr kjálkum benda til að sá maður er þeir væru úr hafi verið miðaldra, - varla yfir fimmtugt. Beinunum er nokkuð lýst nánar, dregið í efa að í smágróf þessa hafi verið sett niður samankreppt lík, og þess getið til að beinin hafi fundist einhverntíma og verið safnað saman í þessa litlu gróf. Greinarhöfundur klikkir svo út með að segja, að engin ástæða sé til að ætla að hér sé um að ræða bein séra Odds Gíslasonar á Miklabæ.

(Hér var stuðst við Árbók fornleifafélagsins 1933 - 1936.)

Baráttan við fljótið.

Héraðsvötn hafa löngum verið iðin við að bylta sér til sitt á hvað og brjóta niður algróið land og jafnvel tún ef því er að skipta. Á 20. öldinni lögðust þau mjög að löndum jarða í Blönduhlíð og eru búin að brjóta þar mikið land og líklega mest neðan við Þorleifsstaði og Miðhús. Var mikið land frá Þorleifsstöðum farið, þegar fjárveiting frá opinberum sjóði loks fékkst. Á árunum 1983 - 1986 var snúist til varnar, flutt að mikið grjót og settir garðar þvert út frá bökkunum að austan út í farvegana. Eru varnargarðar þessir nefndir Straumbeinar (153) og hafa þeir gefið góða raun. Gerður var vegur eftir bökkunum til að koma grjótinu fram í garðana og er hann nefndur Straumbeinavegur (154). Garðarnir hafa komið að tilætluðum notum, en það vantar ennþá fleiri garða og sunnar. Auk þess fjármagns sem komið hefur frá opinberum sjóðum, hafa bændurnir á Þorleifsstöðum og Miðhúsum lagt fram umtalsvert fjármagn.

Var Guðshús á Þorleifsstöðum ?

Á skrá yfir forna Kirkju- og Bænhúsastaði í Skagafirði eru Þorleifsstaðir nefndir. Þar segir: Til gamans sendi eg hér með kirkna og bænhúsatal til að vekja athygli og benda sérstaklega á þá staði þar sem kirkjur eða bænhús voru fyrrum. Þar sem voru kirkjur má vænta að finnist mannabein í jörðu. Bænhúsin höfðu sjaldan graftarleyfi en þar var heimafólki veittar tíðir.

Í upptalningu þessara staða í Akrahreppi eru m. a. Stóru- Akrar, Þorleifsstaðir, Gegnishóll, Víðivellir, Miðsitja, Sólheimar. Svo er að sjá að á Þorleifsstöðum hafi verið Bænhús (155), en ekki kirkja.

Í ritinu “Skrá yfir núverandi og fyrrverandi kirkjur og bænhus í Skagafjarðarprófastsdæmi” eftir Sigríði Sigurðardóttur, 1999, segir:

“Þorleifsstaðir. Í bréfi um sambeit árið 1478 sem finna má í Fornbréfasafni, er getið um að bóndi þar hafi fengið hálfkirkjuleyfi. Óvíst er hve lengi hún stóð.”

Afsalsbréf frá 1790.

Alþingisbækur Íslands XVII. 1791 - 1800, geyma eftirfarandi heimild.

Afsalsbréf sýslumanns Vigfúsa Scheving eftir fullmakt feðganna mr. Þorbjörns Bjarnasonar og mr. Þorfinns Þorbjarnasonar á þeirra eigindóms jörð, Þorleifsstöðum, 60 hundr., liggjandi í Skagafirði og Blönduhlíð, meðfylgjandi hjáleigunum Vaglagerði og Mosagrund og 1 kúgl. til mr. Ásmundar Jónssonar fyrir 184 rdr. courant, dat. 2. Aug. 1790. (Alþingisbækur Íslands)

Vitnisburður um landamerki.

Í bréfi frá 1854 koma fram landamerki Þorleiksstaða (156) í Blönduhlíð. Þar segir á þessa leið m.a. Öllum mönnum, sem þetta bréf sjá eður heyra, senda Páll prestur Þorsteinsson og Ólafur Geirmundsson kveðju Guðs og sína, kunnugt gjörandi ----.

--- að þá væri landeign Þorleiksstaða, út í Marklág (157), úr henni ræður Garður (158) yfir Ásinn (159) sjónhending uppí svonefnda Akraöxl (160). Úr Marklág deilir stefna ofan yfir Veginn (?) vestur í Illa kíl (161), sem afdeilir Akraeyjar allt fram í fremri-Gegnisdög (162) til Þvergarða. (163) Úr þeim upp beina stefnu í Hrólfstaðalæk (164). Ræður hann síðan merkjum milli Miklabæjar og Þorleiksstaða upp til móts við stein, sem stendur í mýrinni suður og upp undan Mosagrund; undan steininum ræður Garður sjónhending sunnan Loftsgerði næst fyrir utan Vaglatún, og svo beint upp eftir réttsýnis í fjallseggina.

Eftir þessari eiðsettri prófan dæmdi velnefndur lögmenn Guðmundur tiltekið land undir Þorleiksstaði, með fullum laga atkvæðum. ----

(Fram skal tekið að ekki er öruggt að skrásetjara hafi tekist að lesa viðkomandi bréf rétt.)

Af nöfnum á þessari skrá eru eftirtalin í löndum Grundargerðis og Vaglagerðis, en bæði þau eyðikot hafa, sem eign, færst frá Þorleifsstöðum til Vagla:

Mosagrund, Berghús, Bergstöft, Berghústún, Loftsgerði, Loftsgil, Tungukot, Vaglahornmerki, Grundarkotstún, Svartimór, Gegnislæksás?

Skráin sett saman í des. 2003.

Frágengin 9. júní 2004. R.I.

Stafrófsröð örnefna.

Akrafjall 71
 Akraöxl 160
 Ás 41, 87, 120, 141, 159
 Ásbraut 119
 Ásbrún 57, 142
 Ástún 118
 Berghústún 67
 Berg (Bergið) 64, 74, 125
 Bergshús 65, 114
 Bergstöft 28, 55, 66, 108
 Breiðimelur 103
 Bekkur 97
 Bæjargil 72, 128, 133
 Bæjarlækur 127
 Bænhús 135, 155
 Böðulsgærði 26, 53, 107
 Flesja 89
 Flói 79
 Gamli vegur 139
 Garðlag 16
 Garður 158
 Gálgaðil 98
 Gagnisdrög 162
 Gagnishólmi 35
 Gagnislæksás 14
 Gróf 91
 Grófarlækur 92
 Grundarkot 4, 10, 34, 62, 110, 126
 Grundarkotstún 12
 Grundir 93

Guddukot 27, 54
 Göngur 105
 Hálfkirkja 134
 Hesthús 129
 Héraðsvötn 7, 23, 36, 70
 Hjarðarholt 24, 51
 Hólhús 145, 152
 Hringur 60, 81
 Hrólfsstaðalækur 164
 Hulduberg 124
 Hvítiblettur 39, 59, 80, 147
 Illikill 161
 Jarðfall 32, 84
 Jarðfallslækur 85
 Kaplagil 46, 101
 Kaplagil - Syðra 17
 Kríusker 82, 116, 148
 Kúaklöpp 100, 123, 150
 Kverkar 104
 Kvíaból 75, 130
 Kvíaklöpp 47, 99, 122
 Kvíar 137
 Lambahús 146
 Landbrotsjörð 8
 Laufás 25, 52, 115, 121
 Loftsgærði 29, 56, 68, 112
 Loftsgil 69, 113
 Marklág 157
 Merkjálág 15
 Merkjálaut 90

Þorleifsstaðir.

Mosagrund 5, 19, 50, 63
 Mógrafartangi 30
 Nautabú 61, 109, 144
 Reiðingsholt 31, 83
 Reitur 44, 96
 Rétt 138
 Réttarhús 77, 136
 Réttarhústún 76
 Réttarhvatn 58, 106, 117, 140
 Stokkhólmi 9
 Straumbeinar 153
 Straumbeinavegur 154
 Suðurtún 73
 Svartimór 13
 Syðra - Kaplagil 17
 Teigar 38, 88
 Tungukot 3, 21
 Vaglafjall 151
 Vaglagerði 2, 20, 48, 111
 Vaglagil 45, 102
 Vaglahornmerki 11
 Þorleifsstaðaás 40, 86
 Þorleifsstaðaflói 37, 78
 Þorleifsstaðareitur 43, 95
 Þorleifsstaðir 1, 18, 33, 49, 156
 Þorvaldarkot 6, 22, 42, 94, 149
 Þvergarðar 163
 Ömmuhús 131, 143
 Öskuhóll 132

Kafla - fyrirsagnir.

Heimildir og heimildarmenn	bls. 1
Eignin Þorleifsstaðir	--- 1
Hjáleigan Grundarkot	--- 2
Síðustu ábúendur Grundarkots	--- 2
Síðustu og núverandi ábúendur Þorleifsstaða	--- 2
Landamæralínan	--- 3
Lýsing jarðarinnar 1713	--- 3
Þegar jörðin var seld 1802	--- 5
Úr Sóknalýsingu 1840	--- 5
Jarðarlýsing árið 1849	--- 5
Jarðarlýsing frá um 1918	--- 6
Skýrsla Fasteignamatsnefndar 1965	--- 6
Úr Fasteignaskrá 2002	--- 7
Úr skýrslum um jarðhita	--- 7
Staðhættir og umhverfi	--- 8
Eldri örnefnaskrár	--- 8
Þorleifsstaðaskrá Margeirs Jónssonar	--- 9
Viðaukar við skrá Margeirs	--- 9
Grundarkotsskrá Margeirs	--- 10
Úr Örnefnaskrá Gísla Magnússonar	--- 10
Austan við Ásinn	--- 10
Enn úr skrá Gísla M.	--- 11
Frá heimildarmönnum 2004	--- 11
Mannvirki og mannvirkjaleifar 2004	--- 12
Leifar Þorvaldarkots	--- 13
Bein sr. Odds, eða bara einhvern	--- 13
Baráttan við fljótið	--- 14
Var Guðshús á Þorleifsstöðum ?	--- 14
Afsalsbréf frá 1790	--- 15
Vitnisburður um landamerki	--- 15
Stafrófsröð örnefna	--- 16
Kafla - fyrirsagnir	--- 17